

Reykjavík 14.07.2016

Har. Birgir Haraldsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella

## Málefni: Rangárbakkar 1, 3, 5, 11

Fyrir hönd framkvæmdahóps sem unnið hefur í samvinnu við lóðarhafa að framtíðar uppbyggingu og nýtingu lóðanna. Viljum við hér með leggja fram meðsenda deiliskiplagstillögu til umsagnar hjá Umhverfis- og skipulagsráði Rangárþings Ytra.

Tillagan gerir ráð fyrir að byggja upp öfluga þjónustu fyrir ferðamenn á lóðinni. Í tillögunni er unnið með að ný starfsemi styrki og efli miðbæjarkjarnann með tengingu undir Suðurlandsveginn og alla aðra starfsemi á svæðinu. Hugmyndin er að byggja upp og bjóða uppá nýja nálgun og á öðrum hraða í framsetningu á þjónustu fyrir ferðamenn. Þar verði lögð áhersla á að tengja á nýjan og náttúrutengdari hátt saman afurðir sveitarinnar í mat, drykk, handverki, sveitamörkuðum. Afþreyingu fyrir alla fjölskylduna í formi ævintýrastígs sem tengir saman náttúru sveitarinnar, íslensk heimilisdýr, leiksvæði, nestisrjóður með grill aðstöðu, aðstöðu fyrir grænni ferðamáta, ásamt ýmsu öðru og bæta þannig við hefðbundna vegþjónustustarfsemi.

Framkvæmdahópurinn óskar hér með eftir að haga uppbyggingu lóðanna í samræmi við framlagt deiliskipulag með blönduðu þjónustuframboði svo sem verslunar, veitingasölu, hótél og sjálfafgreiðslustöð.

Einnig er óskað eftir því að fá stækka lóðina í samræmi við deiliskipulagsuppráttinn.

Einnig er óskað eftir því að lóðarhafar fái afnotarétt að bökkunum í samráði við sveitarfélagið og að hanna og forma ævintýrastíg í samræmi við framsenda hugmyndabók.

